

Fundur 18.3.2024 Erlon álfur.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Heilsum við ykkur öllum, hef ég talað áður og hafa samskipti okkar við ykkar þjóð, yfirleitt verið mjög góð og vona ég að mér takist að magna upp fundinn fyrir ykkur hér í kvöld og veit ég að mörg sambönd bíða.

Og höfum við notið góðs af nærveru ættingja okkar í grend við ykkur og mögnumst við mikið af þeim.

Og vildi ég gjarnan koma inn á vísindaleg atriði, hvers vegna ýmislegt gengur Íslensku þjóðinni í óhag og öðrum þjóðum, en get ég víst ekki farið út í það, þar sem orkan er ekki nægileg hér í upphafi, en get ég þó sagt að samstilling jarðarbúa hefur ekki farið upp á við undan farin ár og ýmisleg hefur truflað andlega starfsemi og kærleiksböndin á milli einstaklinganna, sem Kristur og fleiri voru að reyna að kenna fólki að efla og bæta sín á milli.

En hjá okkur var það fyrir löngu orðin viðtekin venja að við höfðum kærleiksboðskapinn í hávegum en eru þó ýmiss önnur vandamál á hnöttum okkar eins og fram hefur komið.

Og viljum við gjarnan efla ykkar fund betur og ykkur Íslendinga þar sem þörf er á slíkum hópum í komandi tíð, þegar reynt verður að láta þann mikilvæga spádóm rætast, sem er leiðtoginn frá Íslandi, en til þess að hann geti ræst, þurfa ýmsar kringumstæður að vera réttar og búa í hagin fyrir þann spádómi, þar sem fólkið verður að vera reiðubúið.

Já það eru ýmsir ógnvekjandi atburðir, en reynt verður einnig að senda lífstefnu orku og hjálp til að það fari á sem bestan veg.

Við hvetjum ykkur til að vera úti í náttúrunni á ýmsum þeim orkumiklu stöðum þar sem ykkur líður vel og erum við þar einnig nærri.

Erlon álfur.

*Erlon álfur, gaman að heyra í þér, vertu velkominn.*

Kom ég áður, verð ég nú að kveðja en þið njótið styrks okkar ef þið leitið.

Og verið þið sæl og þakka ég fyrir mig.

*Já vertu blessaður, og þakka þér fyrir komuna.*